

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 39/2008**

**frá 14. mars 2008**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2007 frá 27. júlí 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar ráðsins 2007/779/EB, KBE frá 8. nóvember 2007 um að koma á kerfi Bandalagsins á sviði almannavarna (endursamin) <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2007/779/EB, KBE fellur úr gildi ákvörðun ráðsins 2001/792/EB, KBE <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2008 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Töluliður c) í 8. mgr. 10. gr. bókunar 31 við samninginn hljóði svo:

„Bandalagsgerðir sem koma til framkvæmda 1. janúar 2008:

- **32007 D 0779**: Ákvörðun ráðsins 2007/779/EB, KBE frá 8. nóvember 2007 um að koma á kerfi Bandalagsins á sviði almannavarna (endursamin) (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2007, bls. 9).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2008 að telja.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 9, 21.2.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 314, 1.12.2007, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 297, 15.11.2001, bls. 7.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.